



Ársskýrsla 2015



Efnisyfirlit

Ávarp stjórnarformanns	2
Frá framkvæmdastjóra AH	3
Frá forstjóra MS	3
Fulltrúar deilda	4
Stjórn Auðhumlu	5
Verðlaunahafar	6
Mjólkursamsalan ehf.	7
Tölulegar upplýsingar	8
Ársreikningur samstæðu 2015	11
Áritun óháðra endurskoðenda	13
Skýrsla stjórnar	14
Rekstrarreikningur ársins 2015	15
Efnahagsreikningur	16
Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2015	18
Skýringar	19



Útgefandi: Auðhumla, Austurvegi 65, 800 Selfoss
Hönnun og umbrot: Auglýsingastofa Þórhildar
Ljósmyndir: Kristjana Jónsdóttir, Þórhildur Jónsdóttir
Ljósmynd af stjórnarformanni: Gunnar Leifur Jónasson
Ljósmyndir af stjórn Auðhumlu og stjórn MS: Gunnar Leifur Jónasson
Ljósmyndir af verðlaunahöfum: Garðar Eiríksson
Prentun: Prentmet

Ávarp stjórnarformanns

Egill Sigurðsson



Íslenskum mjólkuriðnaði er sniðinn afar þröngur afkomurammi þar sem bæði tekjum og gjöldum er stýrt í opinberu verðlagskerfi. Vinnslufyrirtækin hafa sótt mjög mikla hagræðingu með endurskipulagningu rekstrarins á umliðnum áratug og þau hafa byggt upp ábatasama erlenda starfsemi. Þessi mikilvægi ávinningur hefur að mestu verið færður í gegnum verðlagningarkerfið til neytenda í raunlækkun vöruverðs og til bænda, eigenda vinnslufyrirtækjanna, í hækkun hráfnisverðs.

Fyrir vikið er ekki svigrúm í afkomu fyrirtækjanna til að mæta sveiflum í framboði og eftirspurn. Sú mikla aukning, sem orðið hefur í neyslu fitumeiri afurða, það misvægi, sem er í fitu- og próteinneyslu hér innanlands, og þær aðgerðir, sem gripið var til í þeim tilgangi að örva framleiðsluna til að mæta fituneysluaukningu, leiddu því til þess að á árinu 2015 var tap af rekstri Mjólkursamsölnunnar um 330 milljónir króna. Það er rétt ríflega 1% af veltu fyrirtækisins. Tap af rekstri Auðhumlu svf. var um 104 milljónir króna, eða um 0,4% af veltu. Það er athyglisvert að tap félagsins af greiðslumarksmjólk, þ.e.a.s. próteinhlutanum sem ekki selst á innanlandsmarkaði, er meira en tapið sem varð af mjólk sem framleidd var utan greiðslumarks á árinu 2015.

Þetta er vitaskuld ekki óskaniðurstæða. En það er rétt að ítreka að hún kemur ekki til vegna þess að félagið hafi misst stöðu á markaði hér heima eða erlendis. Þvert á móti er markaðsstæða félagsins góð. Mjólurvörusala hefur aldrei verið meiri hér innanlands. Á innanlandsmarkaði seldust 133,8 milljónir fitulítra og 122,6 próteinlítra. Skýrsala Mjólkursamsölnunnar og samstarfsfyrirtækja á erlendum markaði hefur hieldur aldrei verið meiri. Íslenskir kúabændur hafa því hvergi gefið eftir. Þessi afkoma er til komin vegna þess að ójafnvægi er í neyslu fitu og próteins á innanlandsmarkaði og svo vegna þess að eigendum félagsins, íslenskum kúabændum, hefur verið greitt hærri verð fyrir umframmjólk í þeim tilgangi að örva framleiðslu eftir sprengingu í fitusölu á árunum 2012 - 2015. Þetta gerist á sama tíma og verð fyrir prótein á alþjóðlegum hrávörumarkaði er í sögulegu lágmarki. Nýir landvinningar í skýrsölu og sölu á nýjum próteinríkum afurðum á alþjóðamarkaði eru því mikilvægir til að styrkja framtíðarafkomu félagsins.

Árin 2012 og 2013 varð fordæmalaus aukning í sölu fitumeiri afurða hér innanlands. Á fjórum árum, frá 2011 - 2015, jókst salan, mæld í fitulítrum, um 21% og sala á hvern Íslending um 15%. Framan af þessu tímabili höfðu bændur engan veginn undan að fylgja eftir þessari söluaukningu. Kallað var eftir meiri mjólk frá bændum allt frá því á árinu 2013 en framleiðslan jókst afar lítið. Í árslok 2013 varð því að flytja inn og nýta í framleiðsluvörum um 80 tonn af smjöri. Ástandið skánaði ekki á árinu 2014 þrátt fyrir að Mjólkursamsalan tæki þátt í umfangsmiklu ráðgjafarstarfi. Í árslok voru smjörbirgðir í landinu í algeru lágmarki og ekkert

í skýrsluhaldi bænda sem benti til þess að neinar stórfelldar breytingar væru í vændum. Í þessu ljósi var tekin ákvörðun í byrjun mars 2015 um að greiða fullt afurðastöðvaverð fyrir umframmjólk út árið 2016. Þá var búið að gera, eins og kostur var, greiningu á framleiðslugetu hjá mjólkurframleiðendum. Jafnframt var sett 100% framleiðsluskylda á greiðslumarkshafa sem sennilega hafði meiri áhrif en búist var við.

Eftir tveggja ára hvatningu um að auka framleiðslu sáust loks merki aukningar á miðju ári 2015. Síðan þá hefur framleiðslan aukist hraðar en séð varð fyrir. Það hefur vitaskuld haft töluverð áhrif á afkomu MS og Auðhumlu vegna þess hlutverks sem félögin hafa í birgðastýringu hráfnis og afurða.

Gerð nýrra búvörusamninga er stærsta mál ársins fyrir alla kúabændur. Samningarnir móta framtíðarrekstrarskilyrði einstakra búa og greinarnar í heild og ásamt búvörulögunum móta þeir rekstrarskilyrði vinnslufyrirtækja bænda sem hafa með höndum birgðastýringu í framleiðslu og í vinnsluferfinu. Samningarnir eru nú til afgreiðslu hjá bændum og ríkisvaldi. Annað mál, sem varðar starfsemi kúabænda, er ný aðbúnaðarreglugerð fyrir nautgripi sem tekur gildi 1. október 2016. Það er ljóst að þetta hvort tveggja leiðir til þess að margir kúabændur þurfa að endurmeta rekstur sinn. Til dæmis má nefna að um 8 þúsund básar í fjósum, eða tæpur þriðjungur, standast ekki þau viðmið um aðbúnað sem sett eru í reglugerðinni. Fram undan eru því verulegar fjárfestingar í nýrri eða endurbættri framleiðsluáðstöðu bænda.

Áhrif búvörusamninga á rekstur og starfsemi Mjólkursamsölnunnar og Auðhumlu snerta einkum það hlutverk sem þessi félög hafa við birgðastýringu í landinu. Þar getur félagið fyrst og fremst haft áhrif í gegnum verðlagningu á umframmjólk. Félagið getur hvatt til aukinnar framleiðslu með hærri greiðslum eins og gert var 2013 - 2016. Með sama hætti er hægt að letja bændur og draga úr framleiðsluviljanum með því að lækka greiðslu fyrir umframmjólk. Þetta er þó ekki eins einfalt og virðast kann. Það tekur allt að 3 ár að auka framleiðslu með þessum hætti en aðeins 3 mínútur að slá hana af. Það er því mjög tafsamt að snúa við ef samdráttur í framleiðslu verður of mikill og hraður.

Viðbrögð við verðhækkun á umframmjólk 2013 komu seint fram. Ef nú verður reynt að stilla framleiðsluna og laga hana að markaðsþörf með því að lækka snögglega verð á umframmjólk er hættu á að aftur geti myndast skortur innan skamms tíma. Mest af umframmjólk verður til á um 60 öflugum kúabúum. Ef slegið verður á framleiðsluvilja þeirra er hættu á að ekki verði unnt að sinna markaðnum hér heima. Þá hefst hér innflutningur mjólkurafurða. Það er sérstakt viðfangsefni í framleiðslustýringunni að neysla á mjólkurfitu er nú umtalsvert meiri en neysla á próteini.

Það er umhugsunarvert að afkomuáhrif af því eru meiri en áhrifin af framleiðslu á mjólk umfram greiðslumark og þessi afkomuáhrif hverfa ekki þó að verð á umframmjólk lækki.

Eins og getið var um hér að framan er fyrirtækjum bænda í mjólkuriðnaði sniðinn þröngur stakkur með verðlagsákvörðunum. Þau eru fyrir vikið augljóslega ekki rekin með sams konar hagnaðarsjónarmiði og jafnan gildir í rekstri hlutafélaga. Félögin hafa með höndum sveiflujöfnunarhlutverk en í raun hefur ekki verið skapað svigrúm fyrir það í verðlagningunni. Því vaknar spurning um hvort ekki sé rétt að byggja upp í rekstrinum höflega sjóði til að taka á þessum sveiflum sem óhjákvæmilega koma fram öðru hvoru. Núna má segja að erlend starfsemi Mjólkursamsölnunnar sé notuð til að mæta þessum innanlandssveiflum að töluverðu leyti. Án erlendra starfsemi væri afkoma MS og Auðhumlu umtalsvert lakari en raun ber vitni.

Á miðju ári urðu forstjóarskipti hjá MS. Einar Sigurðsson, sem einnig hafði gegnt starfi forstjóra Auðhumlu, lét af störfum 30. júní og Ari Edwald tók við forstjóra- starfi Mjólkursamsölnunnar. Einari eru færðar þakkir fyrir gott og farsælt starf fyrir kúabændur á umliðnum árum og Ari er boðinn velkominn til starfa. Garðar Eiríksson var ráðinn framkvæmdastjóri Auðhumlu frá síðustu áramótum. Með því hafa verið gerð skarpari skil á milli Auðhumlu og MS í samræmi við áherslur fulltrúaráðs Auðhumlu.

Á undanförmum áratug hefur orðið byltning í íslenskum mjólkuriðnaði. Heita má að allur tækjabúnaður í mjólkurvinnslu um allt land hafi verið endurnýjaður. Mikil hagræðing hefur átt sér stað með endurskipulagningu vinnslunnar og sérhæfingu mjólkurbúanna. Mjólkursamsalan hefur sótt af krafti fram á erlendum markaði og sækir þangað mikilvægan hagnað. Félagið leggur áherslu á mjög öfluga vöruþróun fyrir innanlandsmarkað og nýtir hana í starfi sínu erlendis. Þetta er í samræmi við stefnumörkun kúabænda í deildum, fulltrúaráði og stjórn Auðhumlu. Þau viðfangsefni í birgðastýringu, sem rakin hafa verið hér að framan, eru tímabundin. Það er mikilvægt að þau verði leyst þannig að íslenskur kúabúskapur geti í senn tryggt markaðnum nægt framboð af frábærum vörum, jafnað sveiflur í framboði og eftirspurn og tryggt jákvæða og heilbrigða afkomu af rekstrinum til lengri tíma.

Ég þakka kúabændum um allt land þeirra framlag og samstöðu í rekstri Auðhumlu og Mjólkursamsölnunnar. Ég þakka starfsfólki fyrirtækja okkar frábæra frammistöðu á miklum umbrota- og breytingatímum. Ég þakka sömuleiðis samstarfsfyrirtækjum okkar í framleiðslu, dreifingu og verslun með mjólkurafurðir. Neytendum þakka ég þeirra tryggð og áhuga á framleiðsluvörum íslenskra kúabænda sem sést best í því hve mjólkurvöruneysla hefur aukist á undanförmum árum.

Frá framkvæmdastjóra

Garðar Eiríksson



Samvinnufélagið Auðhumla (AH) er lífæð mjólkurframleiðenda á félagssvæði þess. Líðlega 90% eignarhlutur AH í Mjólkursamsölnunni er verðmætasta eign félagsins, fyrirtæki sem umbreytir mjólkurhráefni í fyrsta flokks vörur og skapar með því mikil verðmæti framleiðendum til handa. Á árinu 2015 námu greiðslur til bænda samtals líðlega 11 milljörðum króna.

Árið 2015 er merkilegt fyrir margra hluta sakir. Framan af ári rékti jafnvægi en mikil framleiðsluaukning síðari hluta ársins veldur því að samstæðan er gerð upp með 104 milljón króna halla sem endurspeglar 330 milljón króna tap á rekstri MS. Til að styrkja rekstur MS var hlutafé félagsins aukið um 600 milljónir króna, þar af var hlutur AH 540 milljónir króna. AH seldi á árinu 50% eignarhlut sinn í félaginu Holli og góðu ehf. til

Sláturfélags Suðurlands. Einar Sigurðsson lét af störfum sem forstjóri félagsins um miðbik ársins.

Á haustmánuðum var unnið að stefnumótun félagsins og m.a. gerð viðhorfskönnun meðal félagsmanna. Þar komu fram jákvæð viðhorf til bæði AH og MS þó stundum þætti munurinn óljós á milli félaganna. Til að skerpa á aðgreiningu þeirra var ráðinn sérstakur framkvæmdastjóri fyrir AH frá 1. janúar 2016 ásamt því að farið var í heildarendurskoðun samþykktu félagsins. Tillögur til breytinga á samþykktum verða lagðar fyrir aðalfund sem haldinn verður í Hofi á Akureyri 15. apríl 2016.

Á deildarfundum félagsins í mars 2016 hafa forsvarsmenn AH og MS flutt félagsmönnum skýrslur um gang

mála árið 2015, horfur á árinu 2016 og fyrirhugaðar breytingar á samþykktum AH. Þar hafa menn rætt málefni félaganna af einuð og kosið fulltrúa í fulltrúaráð AH sem kys félaginu stjórn á aðalfundi.

Íslenskir mjólkurframleiðendur hafa svo sannarlega sýnt hvað í þeim býr þegar eftir því var kallað. En mjólkurframleiðsla er viðkvæmur línudans. Þó aðeins gári í augnablikinu er afar mikilvægt að félagsmenn standi saman allir sem einn um þessi mikilvægu afurðasöluþing fyrirtækis. Aðeins þannig náum við best þeim tilgangi félaganna að selja sem mest magn af mjólk.

Óvíst er hvaða tækifæri eru handan við hornið. En víst er um það að með samstöðu erum við vel í stakk búin til að mæta þeim.

Frá forstjóra MS

Ari Edwald



Undirritaður var ráðinn forstjóri Mjólkursamsölnunar frá miðju síðasta ári er Einar Sigurðsson lét af störfum. Það hefur verið skemmtilegt verkefni að setja sig inn í málefni mjólkurframleiðslunnar og kynnast innviðum fyrirtækisins.

Það er ljóst að ákveðin umbrot hafa einkennt umhverfi mjólkurframleiðslunnar og MS síðustu misserin. Á alþjóðamarkaði hefur verið á mjólkurafurðum hrúðið, m.a. vegna minni eftirspurnar frá Kína, viðskiptabanns Rússlands og afnáms framleiðslustýringar innan Evrópusambandsins. Er verð á mjólkurdufti og smjöri nú innan við helmingur af því sem það var fyrir tveimur árum. Þetta hefur bein áhrif á verð útflyttar framleiðslu frá Íslandi. Árin 2013 og 2014 varð fordæmalaus aukning eftirspurnar eftir fituríkum mjólkurvörum sem erfitt var að spá fyrir um hversu lengi myndi vara eða hversu hratt kúabændur gætu brugðist við aukinni eftirspurn.

Þá hefur legið fyrir að nýr samningur bænda og ríkisins um stuðning við mjólkurframleiðslu myndi í lok árs 2016 leysa af hólmi þann samning sem gilt hefur síðustu 11 árin, þar af síðustu 4 árin með framlengingu. Það hefur skapað ákveðna óvissu. Talið var óhætt að sleppa framleiðslustýringu lausri, ef svo má segja,

með fullu verði fyrir keypta mjólk út gildistíma mjólkursamnings, án tillits til greiðslumarks framleiðenda. Það leysti úr læðingi meiri vaxtarkraft í mjólkurframleiðslu en búist var við. Framleiðsla 2015 varð 6 milljónir lítra umfram greiðslumark og 13 milljónir lítra umfram sölu innanlands á fitugrunni.

Óvissa hefur líka náð til þátttöku ríkisins í verðákvörðunum. Verkalýðshreyfingin dró sig út úr starfi verðlagsnefndar og langan tíma tók að bregðast við þeirri stöðu. Þetta leiddi til þess að engar verðbreytingar urðu í 22 mánuði, frá 1. október 2013.

Á sama tíma bjó MS við miklar kostnaðarhækkanir innanlands, sérstaklega launahækkanir. Árið 2015 hækkaði launakostnaður MS um ríflega 10% á grundvelli kjarasamninga. Dæmi um aðrar hækkanir eru hækkun á gjaldskrá fyrir rafmagn um 50% frá árinu áður!

Þessir þættir, sem hér eru nefndir, eru meginskýring þess að rekstrarafkoma Mjólkursamsölnunar var óviðunandi á síðasta ári. Tap MS nam 330 milljónum króna á árinu 2015, að meðtöldum um 400 milljón króna hagnaði af erlendri starfsemi sem er að mestu leyti ótengd íslensku mjólkurhráefni. Áætlanir um

magn seldra afurða og sölutekjur hafa gengið eftir og ívið betur sem og rekstrarkostnaður að öðru leyti en því að kjarasamningar voru dýrari en áætlanir gerðu ráð fyrir. Stutt yfirlit yfir helstu tölur í rekstri MS á árinu 2015 er að finna á bls. 7 í þessari skýrslu.

Rekstraráætlun Mjólkursamsölnunar fyrir árið 2016 gerir ráð fyrir viðunandi rekstrarhagnaði. Sá viðsnúningur grundvallast bæði af ýmsum þáttum í rekstrinum og sérstökum aðgerðum sem eigendur MS hafa gripið til til að treysta rekstur fyrirtækisins. Til næstu ára litið er mikilvægast að mjólkurframleiðslan verði í sæmilegu jafnvægi við innlenda eftirspurn og að verð fyrir mjólk umfram greiðslumark ráðist af því sem fæst fyrir framleiðsluna. Þá á Mjólkursamsalan að geta verið í góðum rekstri.

Vel hefur tekist til við að hagræða í rekstri mjólkuridnaðarins á undanföllum árum og skila ávinningi af því til neytenda og bænda. Á næstu árum þarf að skoða frekari tækifæri til hagræðingar innanlands og byggja enn frekar á þeim árangri sem náðst hefur erlendis, sérstaklega í sölu á skyri. Þar er ekki á vísan að róa en starfsmenn MS vilja vinna hörðum höndum að því að nýta þau tækifæri sem gefast til hagsbóta fyrir eigendur Mjólkursamsölnunar.

Fulltrúar deilda Auðhumlu

á aðalfundi 15. apríl 2016

Austurlandsdeild

Aðalfulltr.: Gunnar Jónsson
Halldór Sigurðsson
Jón Steinar Elísson

Egilsstöðum
Hjartarstöðum 1
Hallfredarstöðum 2

Sveinn Ingvarsson
Samúel U. Eyjólfsson
Sigríður Jónsdóttir

Reykjahlið
Bryðjuholti
Fossi

Varafulltr.: Jóhann Jónsson
Jóhann Gísli Jóhannsson
Halldóra Andrésdóttir

Hánefsstöðum
Breiðavaði
Engihlið

Varafulltr.: Jón Viðar Finnsson
Hörður Óli Guðmundsson
Esther Guðjónsdóttir
Ásmundur Lárusson
Ágúst Gunnarsson
Georg Kjartansson

Dalbæ
Haga
Sólheimum
Norðurgarði
Stærri-Bæ
Ólafsvöllum

Austur-Skaftafellsdeild

Aðalfulltr.: Sæmundur Jón Jónsson

Árbæ

Varafulltr.: Eiríkur Egilsson

Seljavöllum

Vestur-Skaftafellsdeild

Aðalfulltr.: Kjartan Magnússon
Sigurjón Eyjólfsson
Jóhannes Gissurarson

Fagurhlið
Pétursey I
Herjólfsstöðum

Varafulltr.: Bjarni Bjarnason
Atli Hróbjartsson
Björn Snorrason

Hraunkoti
Brekum
Kálfafelli

Eyjafjalladeild

Aðalfulltr.: Ármann Fannar Magnússon
Magðalena Jónsdóttir

Hrútafelli
Drangshlíðardal

Varafulltr.: Ragnar Lárusson
Sigríður Björk Ólafsdóttir

Stóra-Dal
Fit

Landeyjadeild

Aðalfulltr.: Rafn Bergsson
Guðbjörg Albertsdóttir
Sævar Einarsson

Hólmahjáleigu
Skíðbakka 1
Stíflu

Varafulltr.: Karl Geir Sverrisson
Elvar Eyvindsson

Seli
Skíðbakka

Fljótshlíðar-, Hvals- og Rangárvalladeild

Aðalfulltr.: Birkir Arnar Tómasson
Ólafur Þorri Gunnarsson

Móeiðarhvoli
Bollakoti

Varafulltr.: Páll Eggertsson
Guðmundur Ómar Helgason

Kirkjulæk
Lambhaga

Holta-, Landmanna-, Ása- og Djúpardeild

Aðalfulltr.: Hannes Ólafsson
Daníel Magnússon

Austvaðsholti
Akbraut

Varafulltr.: Ágúst Sæmundsson
Borghildur Kristinsdóttir

Bjólu
Skarði

Uppsveitadeild

Aðalfulltr.: Óttar Bragi Þráinsson
Eiríkur Jónsson
Jórunn Svavarsdóttir

Miklholti
Gýgjarhólskoti
Drumboddsstöðum

Flóa- og Ölfusdeild

Aðalfulltr.: Hrafnhildur Baldursdóttir
Pétur Guðmundsson
Ágúst Guðjónsson
Stefán Geirsson

Litla-Ármóti
Hvammí
Læk
Gerðum

Varafulltr.: Valdimar Guðjónsson
Fanney Ólafsdóttir
Skeggi Gunnarsson
Ragnar Sigurðsson

Gaulverjabæ
Hurðarbaki
Skeggjastöðum
Litla-Ármóti

Hvalfjarðardeild

Aðalfulltr.: Haraldur Magnússon
Haraldur Benediktsson

Belgsholti
Vestra-Reyni

Varafulltr.: Jóhanna Hreinsdóttir
Guðmundur Davíðsson

Káraneskoti
Miðdal

Borgarfjarðardeild

Aðalfulltr.: Jón Gíslason
Birna Hauksdóttir

Lundi 1
Skáney

Varafulltr.: Magnús Þór Eggertsson
Kristinn Reynisson

Ásgarði
Nýjabæ 2

Snæfellsnes- og Mýrasýsludeild

Aðalfulltr.: Pétur Diðriksson
Laufey Bjarnadóttir
Sigmundur H. Sigmundsson
Jón Svavar Þórðarson

Helgavatni
Stakkhamri
Mið-Görðum
Ölkeldu III

Varafulltr.: Hallur Pálsson
Kristján Á. Magnússon
Guðrún Sigurjónsdóttir
Jóhannes Eyberg Ragnarsson

Naustum
Snorrastöðum 1
Glitstöðum
Hraunhálsi

Breiðafjarðardeild

Aðalfulltr.: Þorgrímur Guðbjartsson
Björn Birkisson
Gústaf Jökull Ólafsson

Erpsstöðum
Botni
Miðjanesi

Varafulltr.: Unnsteinn Hermannsson
Elín Eyjólfsdóttir
Árni Brynjólfsson

Leiðólfstöðum
Breiðalæk
Vöðlum

Stjórn Auðhumlu



Starfssvæði Auðhumlu



Formaður

Egill Sigurðsson, Berustöðum

Varaformaður

Jóhannes Ævar Jónsson, Espihóli

Ritari

Birna Þorsteinsdóttir, Reykjum

Meðstjórnendur

Arnar Bjarni Eiríksson, Gunnbjarnarholti
Elín M. Stefánsdóttir, Fellshlíð
Jóhanna Hreinsdóttir, Káraneskoti
Jóhannes Torfason, Torfalæk

Varamenn

Laufey Bjarnadóttir, Stakkhamri
Laufey Skúladóttir, Stóru-Tjörnum
Pétur Diðriksson, Helgavatni

Skoðunarmenn

Eiríkur Jónsson, Gýgjarhólskoti I
Hannes Ólafsson, Austvaðsholti

Varaskoðunarmenn

Geir Árdal, Dæli
Magnús Hannesson, Eystri-Leirargörðum

Forstjóri til 30. júní 2015

Einar Sigurðsson

Framkvæmdastjóri frá 1. janúar 2016

Garðar Eiríksson

■ Starfssvæðið

Vestur-Húnaþingsdeild

Aðalfulltr.: Valgerður Kristjánsdóttir
Gísli G. Magnússon

Mýrum III
Staðarbakka

Varafulltr.: Guðrún Eik Skúladóttir
Guðný H. Björnsdóttir

Tannstaðabakka
Bessastöðum

Austur-Húnaþingsdeild

Aðalfulltr.: Jóhannes Torfason
Sigurður Magnússon
Jón Gíslason

Torfalæk 2
Hnjúki
Stóra-Búrfelli

Varafulltr.: Linda B. Ævarsdóttir
Gróa Lárusdóttir
Sindri Bjarnason

Steinnýjarstöðum
Brúastöðum
Neðri-Mýrum

Norðausturdeild

Aðalfulltr.: Sveinbjörn Sigurðsson

Búvöllum

Varafulltr.: Ásvaldur Þormóðsson
Geir Árdal

Stóru-Tjörnum
Dæli

Gunnhildur Gylfadóttir
Elín M. Stefánsdóttir
Arnar Árnason
Hávar Sigtryggsson
Hermann Ingi Gunnarsson
Þórólfur Óskarsson
Guðmundur Óskarsson
Sif Jónsdóttir
Vaka Sigurðardóttir
Birgir Arason

Steindyrum
Fellshlíð
Hranastöðum
Hríflu
Klauf
Grænuhlíð
Hríshóli
Laxamýri
Dagverðareyri
Gullbrekku

Varafulltr.: Stefán Magnússon
Sigurgeir Pálsson
Aðalsteinn Hallgrímsson
Aðalsteinn Hreinsson
Sigurður B. Gíslason

Fagraskógi
Sigtúnum
Garði
Auðnum
Steinsstöðum 2

Alls 55 fulltrúar

Verðlaunahafar 2015



Verðlaunahafar í Rangárvallasýslu ásamt mjólkurbússtjóra MS Selfossi.



Verðlaunahafar í Flóa- og Ölfusdeild ásamt mjólkurbússtjóra MS Selfossi.



Verðlaunahafar í Uppsveitadeild ásamt mjólkurbússtjóra MS Selfossi.



Verðlaunahafar í Norðausturdeild ásamt mjólkurbússtjóra MS Akureyri.



Verðlaunahafar á Austurlandi ásamt mjólkurbússtjóra MS Egilsstöðum.



Verðlaunahafar á Vesturlandi ásamt mjólkurbússtjóra MS Selfossi.

Innl.númer	Nafn	Heimili	Deild
10093	Þórunn og Guðmundur	Hjaltastað	Austurlandsdeild
10237	Steinþór Björnsson	Hvannabrekku	Austurlandsdeild
20117	Már Ólafsson	Dalbæ	Flóa- og Ölfusdeild
20215	Kolsholt ehf.	Kolsholti	Flóa- og Ölfusdeild
20225	Hellisbúið ehf.	Kolsholtshelli	Flóa- og Ölfusdeild
20313	Gísli Hauksson	Stóru-Reykjum	Flóa- og Ölfusdeild
20321	Ragnar F. Sig/Hrafnhildur Baldursdóttir	Litla-Armóti	Flóa- og Ölfusdeild
20501	Grétar og Anne	Smjördölum	Flóa- og Ölfusdeild
20511	Ólafur Ingi og Anna Gísladóttir	Eyði-Sandvík	Flóa- og Ölfusdeild
20608	Samúel og Þórunn	Bryðjuholti	Uppsveitadeild
20618	Gunnar K. Eiríksson	Túnsbergi I	Uppsveitadeild
20628	Jóhann og Esther	Sólheimum	Uppsveitadeild
20674	Grænagerði ehf.	Miðfelli V	Uppsveitadeild
20705	Félagsbúið Jón og Þorgeir	Efri-Brúnavöllum	Uppsveitadeild
20729	Georg Kjartansson	Ólafsvöllum	Uppsveitadeild
21515	Agúst Gunnarsson	Stærri-Bæ	Uppsveitadeild
22202	Páll I. Arnason/Kirsten Anita J.	Haga	Uppsveitadeild
22206	Högni Guðnason	Laxárdal	Uppsveitadeild
22240	Eystra-Geldingaholt ehf.	Eystra-Geldingaholti	Uppsveitadeild
20931	Stúfholt ehf.	Stúfholti	Holta-,Landm.-, Ása- og Djúpárdeild
20948	Kristinn Guðnas/Elín Guðjónsdóttir	Þverlæk	Holta-,Landm.-, Ása- og Djúpárdeild
22001	Hlynur Snær og Guðlaug Björk	Voðmúlastöðum	Landeyjadeild
22033	Axel og Silja	Hólmum	Landeyjadeild
22102	Guðlaugur Kristinsson	Grímsstöðum	Landeyjadeild
22612	Sigurður Eyjólfsson	Pétursey	V-Skaftafellsdeild
22753	Gunnar Valgeirsson	Norður-Fossi	V-Skaftafellsdeild
30018	Sigvaldi Jónsson	Hægindi	Borgarfjarðardeild
30069	Félagsbúið	Skálpastöðum	Borgarfjarðardeild
30140	Mófellsstaðabúið ehf.	Mófellsstöðum	Borgarfjarðardeild
30461	Jörfabúið sf.	Jörfa	Snæfellsnes- og Mýrasýsludeild
30510	Laufey og Þröstur	Stakkhamri	Snæfellsnes- og Mýrasýsludeild
30592	Sigurjón Grétarsson	Furubrekku	Snæfellsnes- og Mýrasýsludeild
35180	Kjartan Jóseppson	Nýjubúð	Snæfellsnes- og Mýrasýsludeild
36306	Ásthildur og Birgir	Bakka	Hvalfjarðardeild
40116	Kristján Högn Jónsson	Ósi	Breiðafjarðardeild
46908	Margrét Guðbjartsdóttir	Miklagarði	Breiðafjarðardeild
49235	Félagsbúið Breiðalæk ehf.	Breiðalæk	Breiðafjarðardeild
52181	Brúsi ehf.	Brússtöðum	Austur-Húnaþingsdeild
52550	Jens Jónsson	Brandaskarði	Austur-Húnaþingsdeild
58504	Ösbúið ehf.	Syðsta-Ósi	Vestur-Húnaþingsdeild
58605	Márek ehf.	Tannstaðabakka	Vestur-Húnaþingsdeild
58613	Ásgeir Sverrisson	Brautarholti	Vestur-Húnaþingsdeild
60008	Helgi Þórsson/Beate Stormo	Kristnesi	Norðausturdeild
60013	Kristín S. Hermannsdóttir	Merkigili	Norðausturdeild
60034	Þórir Nielsson/Sara María	Torfum	Norðausturdeild
60086	Baldur Lárus Jónsson	Stóra-Hamri 1	Norðausturdeild
60089	Arni Sigurlaugsson	Villingadal	Norðausturdeild
60093	Hlynur Þórsson	Akri	Norðausturdeild
60094	Rífkelsstaðir 2 ehf.	Rífkelsstöðum 2	Norðausturdeild
60100	Sigurgeir Pálsson	Sigtúnnum	Norðausturdeild
60101	Hermann Ingi Gunnarsson	Klauf	Norðausturdeild
60106	Benjamín Baldursson	Ytri-Tjörnum 2	Norðausturdeild
60153	Gestur Jónmundur Jensson	Efri-Dálksstöðum	Norðausturdeild
60227	Jón víðar Þorsteinsson	Brakanda	Norðausturdeild
60440	Gunnsteinn Þorgilsson	Sökkku	Norðausturdeild
60490	Sveinn Kjartan Sverrisson	Melum	Norðausturdeild
60518	Urðarbúið	Urðum	Norðausturdeild
60529	Arni Sigurður Þórarinnsson	Hofi	Norðausturdeild
60615	Karl Björnsson	Veisu	Norðausturdeild
68124	Glúmur Haraldsson	Hólum	Norðausturdeild
68234	Sveinbjörn Þór Sigurðsson	Búvöllum	Norðausturdeild
68308	Arndísarstaðir ehf.	Arndísarstöðum	Norðausturdeild
68354	Ingvar Ketilsson	Halldórsstöðum	Norðausturdeild
68414	Félagsbúið Ljósavatni	Ljósavatni	Norðausturdeild
68454	Flosi Gunnarsson	Hrafnstöðum	Norðausturdeild
68470	Sigurborg Gunnlaugsdóttir	Engihlíð	Norðausturdeild
68568	Sigtryggur Garðarsson	Reykjavöllum	Norðausturdeild
68596	Félagsbúið Laxamýri	Laxamýri	Norðausturdeild
68620	Steinþór Heiðarsson	Ytri-Tungu 1	Norðausturdeild

Fjöldi:

69

Reglur um verðlaunaveitingu fyrir mjólk í 1. flokk A eru þessar: Verðlaun fá þeir innleggjendur sem lögðu inn mjólk í 1. flokki A í öllum mánuðum ársins. Mörk fyrir 1. flokk A eru þau að beint meðaltal líftölu sé jafnt eða minna en 25 þús., faldmeðaltal mánaðarins á frumum sé undir 220 þús., að engin lyfjaleifar finnst í mánuðinum og faldmeðaltal frírra fitusýra sé jafnt eða minna en 1,1 mmol/l.

Mjólkursamsalan ehf. 2015



Stjórn Mjólkursamsölunnar ehf. skipuðu:

Egill Sigurðsson, formaður
Þórólfur Gíslason, varaformaður
Birna Þorsteinsdóttir, meðstjórnandi
Elín Margrét Stefánsdóttir, meðstjórnandi
Jóhannes Ævar Jónsson, meðstjórnandi

Varamenn:

Arnar Bjarni Eiríksson
Jóhanna Hreinsdóttir
Jóhannes Torfason
María Ingibjörg Hauksdóttir
Rögnvaldur Ólafsson

Forstjóri til 30. júní 2015:

Einar Sigurðsson

Forstjóri frá 1. júlí 2015:

Ari Edwald

Endurskoðendur:

Deloitte
Benóní Torfí Eggertsson endurskoðandi
Jón Rafn Ragnarsson endurskoðandi

Taprekstur í fyrsta sinn síðan 2009

Sala á vörum MS var góð á árinu 2015. Félagið náði markmiðum sínum um tekjur og kostnað í sölu- og markaðsstarfi. Alls voru seld 9.485 tonn af birgðavörum og 49,2 milljónir lítrar af ferskvörum. Að auki voru framleidd rúmlega 4.900 tonn af skyri í Danmörku á vegum Mjólkursamsölunnar og flutt til Finnlands.

Mjólkursamsalan var rekin með tapi árið 2015 sem nam 330 milljónum króna eftir skatta, eftir fimm ára samfelldan hagnaðarrekstur. Árið 2014 var hagnaður eftir skatta 258 milljónir króna og er því 588 milljóna króna breyting á milli ára í afkomunni. Meginástæða verri afkomu má rekja til þess að framleiðsla mjólkur umfram greiðslumark var mun meiri en árið áður og ríflega 13 milljónum lítra meiri en selt var á innanlandsmarkaði en greitt var fullt afurðastöðvaverð fyrir alla innvegna mjólk. Fall mjólkurafurða á heimsmarkaði hafði því mikil og neikvæð áhrif á afkomu félagsins. Á móti var mikil aukning í erlendra starfsemi sem gaf góða afkomu en þó ekki nógu góða til að vega upp tapið af aukinni innvigtun. Hér er um að ræða leyfistekjur af erlendum mörkuðum og starfsemi í Danmörku þar sem MS kaupir skyr og selur til Finnlands.

Heildareignir Mjólkursamsölunnar eru 11.224 milljónir króna í árslok og er eigið fé 4.313 milljónir króna en hlutafé var aukið um 600 milljónir króna á árinu.

Sala 2015

Flokkur	Selt magn	Innanlands	Útflutningur
Ferskvörur	49.210	48.207	1.003
Viðbit	2.204	2.202	2
Ostar	5.953	5.950	3
Duft	1.328	833	495

Það samsvarar 38,4% eiginfjárlutfalli. Eignfærðar fjárfestingar árið 2015 eru 1.150 milljónir króna.


Stöðugildi árið 2015 voru 415 og fjölgaði um 0,7%. Starfsemin fer fram á 6 starfsstöðum um land allt. Forstjóraskipti urðu hjá félaginu á miðju ári þegar Einar Sigurðsson lét af störfum og Ari Edwald tók við. Fær Einar sérstakar þakkir fyrir vel unnin störf.

Segja má að Mjólkursamsalan standi nú á tímamótum. Félagið hefur lokið vinnu við skipulagsbreytingar í framleiðslunni sem hafa skapað umtalsverð tækifæri til að lækka kostnað. Þegar þær aðgerðir hafa að fullu skilað sér inn í reksturinn verður ekki hægt að skapa þar viðbótarsvigrúm til hráefnisverðhækkana umfram markaðsverðhækkunarir. Hagræðing undanfarinna ára hefur byggt á vinnu, þolinmæði, frumkvæði og þátttöku alls starfsfólks. Það verðskuldar miklar þakkir.


Tölulegar upplýsingar




Ráðstöfun mjólkur hjá MS árið 2015
umreiknuð í lítra m.v. fitu




Ráðstöfun mjólkur hjá MS og árið 2015
umreiknuð í lítra m.v. prótein



Ráðstöfun mjólkur hjá MS og KS árið 2015
umreiknuð í lítra m.v. fitu



Ráðstöfun mjólkur hjá MS og KS árið 2015
umreiknuð í lítra m.v. prótein



Mjólkurinnlegg hjá Auðhumlu

Árið 2015	Árið 2014	Breyting 2015-2014	
		Lítrar	Hlutfall
10.512.229	9.831.474	680.755	6,92%
9.974.580	9.379.996	594.584	6,34%
11.282.276	10.548.339	733.937	6,96%
11.065.139	10.811.165	253.974	2,35%
11.641.525	11.343.342	298.183	2,63%
11.884.783	10.784.555	1.100.228	10,20%
11.728.185	10.312.637	1.415.548	13,73%
11.031.784	9.555.278	1.476.506	15,45%
10.577.952	9.533.690	1.044.262	10,95%
10.443.231	9.317.477	1.125.754	12,08%
10.359.791	8.873.521	1.486.270	16,75%
11.309.340	10.445.473	863.867	8,27%
131.810.815	120.736.947	11.073.868	9,17%

Heildarmjólkurinnlegg á landinu

Árið 2015	Árið 2014	Breyting 2015-2014	
		Lítrar	Hlutfall
11.651.471	10.870.204	781.267	7,19%
11.016.537	10.381.303	635.234	6,12%
12.438.916	11.638.223	800.693	6,88%
12.206.753	11.905.885	300.868	2,53%
12.814.294	12.493.801	320.493	2,57%
13.112.800	11.904.704	1.208.096	10,15%
13.001.215	11.387.179	1.614.036	14,17%
12.249.001	10.566.298	1.682.703	15,93%
11.752.852	10.584.681	1.168.171	11,04%
11.623.370	10.346.527	1.276.843	12,34%
11.553.457	9.844.728	1.708.729	17,36%
12.613.767	11.590.202	1.023.565	8,83%
146.034.433	133.513.735	12.520.698	9,38%

Tölulegar upplýsingar



Fjöldi innleggjenda í deildum 2015 og 2014

Nafn deildar	31/12 2015	31/12 2014	Mismunur
Austurlandsdeild	25	25	0
Austur-Skaftafellsdeild	10	10	0
	35	35	
Vestur-Skaftafellsdeild	34	35	-1
			0
Eyjafjalladeild	21	21	0
Landeyjadeild	27	29	-2
Fljótshlíðar-, Hvols- og Rangárvalladeild	19	19	0
Holta-, Landmanna-, Ása- og Djúpárdeild	21	21	0
Uppsveitadeild	71	71	0
Flóa- og Ölfusdeild	39	39	0
	232	235	
Hvalfjarðardeild	22	23	-1
Borgarfjarðardeild	20	19	1
Snæfellsnes- og Mýrasýsludeild	43	44	-1
	85	86	
Breiðfjarðardeild	31	33	-2
Vestur-Húnaþingsdeild	21	23	-2
Austur-Húnaþingsdeild	28	30	-2
Norðausturdeild	152	155	-3
	201	208	
Alls Auðhumla	584	597	-13

Fjöldi kúabúa miðað við greiðslumark í lok árs

	Fjöldi kúabænda		2015						2014					
			greiðslumark á kúabú í þús. lítrum						greiðslumark á kúabú í þús. lítrum					
	2015	2014	<50 þús.	50-100 þús.	100-200 þús.	200-300 þús.	>300 þús.	Meðaltal pr. kúabú	<50 þús.	50-100 þús.	100-200 þús.	200-300 þús.	>300 þús.	Meðaltal pr. kúabú
MS Egilsstöðum	37	37	6	4	10	6	11	223.549	6	6	10	5	10	198.929
MS Selfossi	339	332	26	38	127	88	60	203.397	24	50	135	79	44	183.039
MS Búðardal	39	36	4	8	18	6	3	145.094	4	9	18	3	2	130.041
MS Akureyri	211	210	12	33	74	57	35	204.072	15	34	84	47	30	182.207
Auðhumla	626	615	48	83	229	157	109	201.183	49	99	247	134	86	180.537

Tölulegar upplýsingar



Fitu- og próteininnihald mjólkur eftir deildum (meðaltal)

	Meðalfita	Meðalfita	Meðalprótein	Meðalprótein
Heiti deildar	2015	2014	2015	2014
Austurlandsdeild	4,12	4,08	3,35	3,34
Austur-Skaftafellsdeild	4,22	4,11	3,32	3,27
Vestur-Skaftafellsdeild	4,10	4,02	3,30	3,30
Eyjafjalladeild	4,13	4,01	3,30	3,29
Landeyjadeild	4,13	4,01	3,32	3,29
Fljótshlíðar-, Hvols- og Rangárvalladeild	4,13	4,02	3,30	3,30
Holta-, Landmanna-, Ása- og Djúpárdeild	4,12	4,07	3,33	3,34
Uppsveitadeild	4,14	4,04	3,30	3,28
Flóa- og Ölfusdeild	4,13	4,07	3,32	3,33
Hvalfjarðardeild	4,10	4,00	3,26	3,26
Borgarfjarðardeild	4,08	4,04	3,28	3,30
Snæfellsnes- og Mýrasýsludeild	4,13	4,06	3,25	3,25
Breiðfjarðardeild	4,08	4,09	3,27	3,26
Vestur-Húnaþingsdeild	4,17	4,03	3,29	3,28
Austur-Húnaþingsdeild	4,06	3,98	3,31	3,29
Norðausturdeild	4,09	4,04	3,35	3,33
Auðhumla	4,11	4,04	3,31	3,30

Innvigtun mjólkur innan og utan greiðslumarks verðlagsárið 2015 AH og KS

Afurðastöðvar	Framleitt innan gr.marks	Framleitt umfram samning	Framleitt alls
Auðhumla svf.	125.970.309	5.877.251	131.847.560
Mjólkursamlag KS	14.030.333	176.343	14.206.676
Heimavinnsla innif. hjá AH	36.745		0
Til leiðr. hjá MAST ótalið hjá KS	16.942		0
Samtals Auðhumla og KS	140.000.642	6.053.594	146.054.236

Heimild: Búnaðarstofa og aðildarfélag SAM



Ársreikningur samstæðu 2015

Áritun óháðra endurskoðenda

Til stjórnar og félagsaðila Auðhumlu svf.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning samstæðu Auðhumlu svf. og dótturfélaga hennar fyrir árið 2015. Samstæðuársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu samstæðuársreiknings þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á samstæðuársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáiast um að samstæðuársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í samstæðuársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á samstæðuársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits félagsins, sem varðar gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð samstæðuársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu samstæðu Auðhumlu svf. og dótturfélaga hennar á árinu 2015, efnahag hennar 31. desember 2015 og breytingu á handbæru fé á árinu 2015, í samræmi við lög um ársreikninga.

Kópavogur, 30. mars 2016

Deloitte ehf.

Benóní Torfi Eggertsson
endurskoðandi

Jón Rafn Ragnarsson
endurskoðandi

Við undirritaðir, kjörnir skoðunarmenn Auðhumlu svf., höfum farið yfir ársreikning þennan. Við teljum að hann sé í samræmi við ákvæði laga og samþykkt félagsins og leggjum til að hann verði samþykktur.

Kjörnir skoðunarmenn

Hannes Ólafsson

Eiríkur Jónsson

Skýrsla stjórnar

Auðhumla svf. er samvinnufélag og tilgangur félagsins samkvæmt samþykktum er að taka á móti mjólk frá félagsmönnum, breyta henni í söluhæfa vöru, dreifa henni og selja fyrir sem best verð. Félaginu er heimilt að reka aðra starfsemi sem gæti dregið úr rekstrarkostnaði félagsins og verið til hagræðis og styrktar fyrir félagið og félagsaðila.

Ársreikningur samstæðu Auðhumlu svf. fyrir árið 2015 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Ársreikningurinn hefur að geyma samstæðuársreikning Auðhumlu svf. og dótturfélaga hennar fyrir árið 2015.

Samkvæmt rekstrarreikningi nemur tap ársins 137 milljónum króna. Eigið fé samstæðunnar samkvæmt efnahagsreikningi er í árslok 7.224 milljónir króna en var í ársbyrjun 7.469 milljónir króna. Á árinu störfuðu að meðaltali 415 starfsmenn hjá fyrirtækinu og dótturfélögum þess og námu heildarlaunagreiðslur 2.788 milljónum króna.

Inneign í stofnsjóði í árslok nemur kr. 2.332.568.507 og skiptist á milli 662 aðila en í upphafi árs á milli 673 aðila. Tillag ársins frá félagsaðilum nemur kr. 44.406.385 en engir vextir voru reiknaðir á stofnsjóð á árinu. Úr stofnsjóði eru greiddar kr. 212.572.422.

Stjórn félagsins leggur til að tap meirihlutaeigenda á árinu, kr. 103.952.546, verði fært til lækkunar á óráðstöfuðu eigin fé en vísar að öðru leyti í ársreikninginn um breytingar á eigin fé félagsins.

Að áliti stjórnar og framkvæmdastjóra Auðhumlu svf. koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu samstæðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu.

Stjórn og framkvæmdastjóri Auðhumlu svf. staðfesta hér með ársreikning samstæðu félagsins fyrir árið 2015 með undirritun sinni.

Reykjavík, 30. mars 2016

Í stjórn

Egill Sigurðsson
stjórnarformaður

Arnar Bjarni Eiríksson

Birna Þorsteinsdóttir

Elín M. Stefánsdóttir

Jóhanna Hreinsdóttir

Jóhannes Ævar Jónsson

Jóhannes Torfason

Framkvæmdastjóri

Garðar Eiríksson

Rekstrarreikningur ársins 2015

	Skýr.	2015	2014
Rekstrartekjur		26.674.678.510	24.474.356.421
Aðrar tekjur		820.458.761	797.347.679
Kostnaðarverð seldra vara		(20.465.422.109)	(17.991.910.923)
Laun og annar starfsmannakostnaður	3	(3.554.111.835)	(3.238.811.256)
Annar rekstrarkostnaður		(2.595.736.373)	(2.512.346.492)
Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir		879.866.954	1.528.635.429
Afskriftir	7	(769.141.942)	(721.181.582)
Rekstrarhagnaður		110.725.012	807.453.847
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarféлага	8	(7.536.486)	8.112.012
Fjármunatekjur	4	74.253.392	49.200.093
Fjármagnsgjöld	5	(354.041.299)	(322.820.804)
